



# SAMBAND ÍSLENSKRA VIÐSKIPTABANKA

Isländska Bankföreningen · Bankers' Association of Iceland

Reykjavík, 2. nóvember 1999

Alþingi,  
efnahags- og viðskiptanefnd,  
Þórshamri v. Templarasund,  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. Þ 125/46  
komudagur 3.11. 125/46

Efni: Umsögn um frv. um öryggi greiðslufyrirmæla o.fl. (23. mál).

Bréf þetta er ritað fyrir hönd Reiknistofu bankanna, Sambands íslenskra sparisjóða, Sambands íslenskra viðskiptabanka (SÍV) og Samtaka verðbréfafyrirtækja.

Við er til bréfs yðar frá 12. október 1999, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um öryggi greiðslufyrirmæla og greiðslujöfnunar í greiðslukerfum (23. mál). Fjármálafyrirtæki áttu fulltrúa í nefndinni sem samdi frumvarpið auk þess sem þau komu ýmsum sjónarmiðum á framfæri við viðskiptaráðuneytið þegar hópurinn hafði skilað ráðuneytinu drögum að frumvarpinu. Í þessari viku hittust síðan fulltrúar ráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og SÍV og ræddu hugmyndir um tilteknar breytingar á frumvarpinu. Um er að ræða heiti frumvarpsins, skilgreiningu á greiðslukerfi, skyldu greiðslukerfis til að tilkynna hverjir séu beinir og óbeinir þátttakendur í því og reglugerðarheimild. Varð að samkomulagi að viðskiptaráðuneytið kæmi þessum hugmyndum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd. Með hliðsjón af þessu er mælt með því að frumvarpið verði afgreitt.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,  
framkvæmdastjóri